



538. fundur stjórnar SASS

haldinn á Hótel Örk í Hveragerði

17. október 2018, kl. 18:00 – 21:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Björk Grétarsdóttir, Grétar Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ásgerður K. Gylfadóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Helgi Kjartansson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Friðrik Sigurbjörnsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þórður Freyr Sigurðsson sviðstjóri Þróunarsviðs og Guðlaug Svansdóttir ráðgjafi hjá HfSu sátu fundinn undir dagskrárlíð 2 og Alda Alfreðsdóttir undir dagskrárlíð 3.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í Hveragerði.

1. Fundargerð

Fundargerð 537. fundar undirrituð.

2. Tillögur að verkefnum vegna umhverfis- og auðlindastefnu SASS

Guðlaug Svansdóttir ráðgjafi hjá HfSu og Þórður Freyr Sigurðsson kynntu tillögur að umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland. Tillögur að verkefnum eru mótaðar í framhaldi af niðurstöðum samráðsfunda sem haldnir voru á Suðurlandi í ágúst og september sl. og umræðum á síðasta fundi stjórnar SASS.

Ráðgjöfum falið að yfirfara tillögurnar í ljósi umræðu á fundinum og þær verða síðan lagðar fyrir ársþingið til umræðu og afgreiðslu.

3. Drög að dagskrá ársþings og aðalfundar SASS

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu lokadrög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á morgun. Stjórn staðfesti dagskrárnar.

b. Skipan þingfulltúa í starfsnefndir ársþingsins

Skipað í starfsnefndir ársþingsins og jafnframt var verklag nefndanna og hestu áherslupunktur hjá nefndunum kynntir.

4. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

a) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2023 , 172. mál.

Þingskjal: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0173.html>



Formanni og framkvæmdastjóri falið að gera drög að umsögn.

- b) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2033 , 173. mál.

Pingskjal: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0174.html>

Formanni og framkvæmdastjóri falið að gera drög að umsögn.

5. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 311. fundar stjórnar Eypings og 5. fundar stjórnar SSA.

- b. Fundargerð Ungmennaráðs Suðurlands

Lögð fram til kynningar fundargerð haustfundar Ungmennaráðs Suðurlands sem haldinn var í Ráðhúsi Selfoss 6. – 7. september sl.

- c. Almenningsamgöngur

Skýrsla KPMG um almenningsamgöngur lögð fram til kynningar og drög að stefnumótunarskýrslu um almenningsamgöngur sem Mannvit vann fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið var einnig lögð fram til kynningar.

Jafnframt var fundargerð frá fundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Vegagerðarinnar með fulltrúum landshlutasamtakanna um almenningsamgöngur lögð fram. Fundurinn var haldinn hjá Vegagerðinni 24. september sl.

- d. Fundur landshlutasamtakanna

Formaður sagði frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna sem haldinn var 10. október sl. og frá fundi sem landshlutasamtökin héldu með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga en sá fundur var haldinn var 12. október sl. Báðir fundirnir voru haldnir á Hilton Nordica hótelinu í Reykjavík.

Næsti fundur stjórnar verður 16. nóvember nk. kl. 13:00 að Austurvegi 56 Selfossi.

Fundi slitið kl. 21:38.

Eva Björk Harðardóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Ari Thorarensen
Grétar Erlendsson
Helgi Kjartansson
Ásgerður K. Gylfadóttir
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir